

# Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 11. september 2017 kl. 13:00 - 16:15

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Eva Pandora Baldursdóttir, Gunnar Hrafn Jónsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Eiríkur Rafn Rafnsson og Baldur Karl Magnússon sem ritar fundargerð.

Nr. 43/2017

## Dagskrá

### 1. Samþykkt fundargerðar

Fundargerð frá 7. september 2017 samþykkt að því undanskildu að Birgitta mun senda breytt orðalag á bókun.

### 2. Bréf af þingflokksformannafundi

Upplýsingar um framkvæmdir í Vonarstræti 8. Upplýsingar um upphaf þingfunda og dagskrá næstu daga. Allir þingmenn Pírata ætla á athöfn Siðmenntar. Stefnt að sérstökum umræðum á mánudag. Samþykkt að ÞSÆ fari í sérstakar umræður. Rætt um rammann utan um störf Alþingis. Forseti ætlar að vera með heilsdagsfund þingskaparnefndar A og B.

### 3. Forgangsmál 147. þings

Staða óbreytt. Var rætt undir 2. lið.

### 4. Tillaga að 5. gr. þingflokksamþykktar um embætti innan þingflokks

JÞÓ og SM kynntu drög að nýrri 5. gr. um val á embættum. Almennar umræður um tillöguna.

Þrjár breytingatillögur voru bornar upp til atkvæða, þar af ein til bráðabirgða. Ein tillaga var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur, en hinar tvær samþykktar með öllum atkvæðum greiddum. Tillagan að 5. gr. samþykkt svo breytt með öllum atkvæðum greiddum.

### Bókun ÁGH:

*Það er grundvallar prinsipp fyrir lýðræðislega kosningu sem snýr að kjöri einstaklinga í embætti að kjörið geti farið fram leynilega, sbr. lög Pírata, gr. 5.6. Með því að kjör á stjórn þingflokksins fari ekki fram leynilega heldur með rekjanlegri pappírskosningu er verið að grafa undan því lýðræðislega prinsippi og með því auka hættuna á því að félagslegur þrýstingur hafi áhrif á niðurstöður kosningarnar og setji fólk í óeðlilegar, persónulegar aðstæður.*

*Því mun bókandi, Ásta Guðrún Helgadóttir, víkja af fundi þegar kosning um stjórn þingflokks Pírata fer fram, þar sem samþykktir og aðferðafræði um kosningu í embætti innan þingflokksins uppfylla ekki kröfur um lýðræðislega og faglega málsmeðferð kosninga.*

### Bókun JÞÓ:

Almennur kjósandi vs. kjörinn fulltrúi:

*Leynd fyrir fólk ábyrgð gagnvart þeim sem gætu annars veitt aðhald.*

*Í lýðræðissamfélagi er ábyrgðarleysi leyndarinnar því nauðsynleg fyrir hinn almenna kjósanda á meðan aðhaldið í gegnum gagnsæi er nauðsynlegt gagnvart fólki í ábyrgðarstöðu.*

*Almennur kjósandi er aðeins ábyrgur gagnvart sjálfum sér á meðan kjörinn fulltrúi er ábyrgur gagnvart handhöfum valds hans.*

*Hvernig almennur kjósandi kys skal því fara leynt á meðan að réttmæt krafa er um að atkvæði kjörins fulltrúa skulu vera gagnsæ.*

*Grunnstefna Pírata segir:*

*4.1 Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.*

*4.6 Píratar telja að allir hafi óskoraðan rétt til aðkomu að ákvörðunum sem varða eigin málefni, og rétt til vitneskju um það hvernig slíkar ákvarðanir hafi verið teknar.*

*Bætt var hins vegar við ákvæði um leynilega vantraust yfirlýsingu með leynilegri atkvæðagreiðslu því þegar vald er afturkallað er því dreift aftur til kjósendanna og réttmætt er að vernda þá frá óeðlilegum áhrifum við þá valddreyfingu.*

*Gagnsæis ákvæði Pírata snúa að þeim valdameiri og lýðræðisákvæðin ganga út á valddreyfingu.*

*Grunnstefna Pírata segir:*

*4.1 Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.*

*6.3 Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem bjóðast.*

*Þannig er lýðræðisákvæðið í grunnstefnu Pírata í starfi þingflokks eflað án þess að takmarka gagnsæisákvæðin.*

## **5. Tillaga að þingflokkssamþykkt um fjármál þingflokks**

Kynning á tillögu að reglum um fjármál þingflokks Pírata. Ein breytingatillaga var borin upp og var hún samþykkt samhljóða að lokinni umræðu. Tillagan samþykkt samhljóða svo breytt.

## **6. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (BJ)**

Val á fulltrúa á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York 8. – 20. október. Tillaga um að slembivelja fulltrúa meðal þeirra sem lýstu yfir áhuga á að sækja allsherjarþingið var felld með fimm atkvæðum gegn einu, tveir sátu hjá.

## **Bókun JÞÓ:**

*Það sem er sanngjarnast gagnvart kjósendum okkar og Pírötum er að við veljum þá sem geta staðið sig best í starfi okkar fyrir landsmenn. Þetta snýst ekki um okkar tækifæri til að fara. Ég til mig ekki hæfastan og mun því ekki sækjast eftir því að fara.*

Tveir lýstu yfir áhuga á að fara og varð SM hlutskarpastur. Hann verður því fulltrúi Pírata á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

**Fundi frestað kl. 14:20 til kl. 15:45**

7. Stefnuræður

Almennar umræður. Ákvarðanatöku frestað til næsta fundar.

8. Tölvupóstur frá Hagsmunasamtökum heimilanna

JÞÓ mun vinna tillögu að svari þingflokks Pírata.

9. Mæting þingmanna (ÞSÆ)

Umræður að undirlagi ÞSÆ um mætingar þingmanna á viðburði á vegum flokksins. Lagt til að fara í ferlavinnu varðandi lágmarksviðmið um mætingu.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.